

Nefndarsvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Bt. Valgerður Gunnarsdóttir formaður

Reykjavík 25. febrúar 2017

Umsögn frá Allrahanda GL ehf. (Gray Line Iceland) við þingskjal 187, 128. mál, frumvarp samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um farþegaflutninga og farmflutninga á landi.

1. Óhagræði af takmörkun farþegaflutninga við níu farþega bifreiðar eða stærri

Allrahanda GL bendir á að með því að takmarka bifreiðar rekstraraðila almenns rekstrarleyfis farþegaflutningi, sem og rekstraraðila sem starfa samkvæmt einkarétti (áður einkaleyfi) alfarið við bifreiðar sem skráðar eru fyrir níu farþega eða fleiri er unnið gegn hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Mikilvægt er að geta nýtt minni farartæki en fyrir níu farþega í ferðaþjónustu, í þeim tilgangi að draga úr sóun þegar farþegar eru færri, nýta umhverfisvænni ökutæki, stuðla að öryggi og betri þjónustu við hreyfihamlaða.

Ferðaþjónustan hefur tekið miklum breytingum frá því áður fyrr, þegar farþegaflutningar í atvinnuskyni miðuðust einkum við ferðir með stærri hópa. Nú er algengt að 2-5 manna fjölskyldur eða aðrir ámóta litlir hópar óski eftir þjónustu ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjanda sem og fyrirtækja með almennt rekstrarleyfi til farþegaflutninga. Sama á að sjálfsgöðu við í almenningssamgöngum s.s. í fámennum byggðum landsins og í þjónustu við hreyfihamlaða. Minni bílar geta þar verið hagkvæmari í notkun og geta stuðlað að styttingu ferðatíma.

Ferðaþjónustan hefur þrýst á stjórnvöld um að gera breytingar í þessa veru og nú þegar verið er að gera breytingar á lögnum gefst tækifæri til að bæta úr.

Breytingin getur verið á þann veg að Samgöngustofu verði heimilt að veita ferðaskipuleggjendum eða ferðaskrifstofum, sem hafa einnig almennt rekstrarleyfi fólksflutninga, sérstakt leyfi til að nýta bifreiðar fyrir færri en níu farþega í akstri. Þjónustan skuli veitt samkvæmt fyrir fram umsömdu gjaldi, eigi skemur en sem hálf dagsferð eða sem hluti af annarri viðurkenndri ferðaþjónustu, þ.m.t. flutningur farþega til og frá sérhæfðri afþreyingu sem er hluti af ferðaþjónustu, skólaakstri eða vinnustaðaaakstri. Þar til viðbótar verði samgöngustofu heimilt að veita einkaréttaraðila (áður einkaleyfishafa) leyfi til að nýta bifreiðar sem taka færri en níu farþega í almenningssamgöngum.

Ráðherra yrði heimilt með reglugerð að kveða nánar á um skilyrði fyrir veitingu almenns rekstrarleyfis til farþegaflutninga á vegum ferðaþjónustuaðila og einkaréttaraðila, um eiginleika ökutækja, sérstakar merkingar og önnur nauðsynleg atriði.

Þessi skilyrði eru hugsuð annars vegar til að tryggja að notkun bifreiða fyrir færri en níu farþega til farþegaflutninga í atvinnuskyni stuðli fyrst og fremst að auknu hagræði í rekstri, auki öryggi, minnki kolefnislosun, eflí gæði þjónustunnar fyrir ferðafólk og í almenningssamgöngum.

Tillaga að orðalagi lagagreinar:

Samgöngustofa getur heimilað ferðaskipuleggjendum eða ferðaskrifstofum, sem einnig hafa almennt rekstrarleyfi farþegaflutninga, heimild til að nýta bifreiðar fyrir færri en níu farþega í hópferðaakstri að uppfylltum sömu skilyrðum og gerð eru í 11. gr. Þjónustan skal veitt samkvæmt fyrir fram umsömdu gjaldi, eigi skemur en fyrir hálfan dag eða sem hluta af annarri viðurkenndri ferðaþjónustu.

Samgöngustofu er heimilt til að veita einkaréttaraðila heimild til að nýta bifreiðar fyrir færri en 9 farþega í almenningssamgöngum.

2. Þörf fyrir áberandi merkingar hóp bifreiða í ferðaþjónustu

Ein hlið hins mikla vaxtar ferðaþjónustunnar er gríðarleg fjölgun hóp bifreiða. Engin leið er að sjá í fljótu bragði hvort viðkomandi bifreið er á vegum aðila með rekstrarleyfi sem hefur tilheyrandi tryggingar, er skráður á virðisaukaskattsskrá á Íslandi og/eða uppfylli önnur skilyrði.

Lítið leyfismerki á númeraplötu eða í framlínu gefur litlar upplýsingar í amstri dagsins. Skv. 29. gr. frumvarpsins liggja refsingar við að uppfylla ekki skilyrði leyfisveitinga til aksturs með farþega eða farm í atvinnuskyni, sama á við samkvæmt lögum um virðisaukaskatt. Til að hægt sé að veita aðhald og auðvelda eftirlit og tilkynningar þyrftu viðkomandi bifreiðar að vera merktar leyfishafa og leyfisnúmeri hans, með áberandi hætti. Ráðherra setji í reglugerð hvernig þeim merkingum skuli háttað.

Tillaga að orðalagi lagagreinar:

Bifreiðar á vegum leyfishafa skulu merktar nafni hans og leyfisnúmeri með áberandi hætti að aftan og á hlið.

Ákvæði um að sýna „andlitið“ mundi ekki síður stuðla að þrúðmannlegri framkomu í umferðinni, snyrtimennsku á áfangastöðum og virðingu við samferðamenn.

3. Rekstur eðalvagna

Þá vekur Allrahanda GL athygli nefndarinnar á nauðsyn þess að heimila rekstraraðilum hóp bifreiða útgerð eðalvagna til jafns við handhafa leyfis til aksturs leigubíla. Nýlega voru gerðar breytingar á reglugerð um eðalvagna sem einfaldaði nokkuð möguleika á að nýta slíka bíla í hefðbundnum hóp bifreiðaakstri. Eðalvagnaleyfi fylgir þó enn lögum um leigubílaakstur, sem gerir rekstraraðilum hóp bifreiða ómögulegt að reka slíkar bifreiðar. Á Norðurlöndum hafa rekstraraðilar hóp bifreiða heimild til að skrá eðalvagna á sín leyfi til jafns við rekstraraðila leigubíla.

Tillaga að orðalagi lagagreinar:

Samgöngustofa getur heimilað ferðaskipuleggjendum eða ferðaskrifstofum, sem einnig hafa almennt rekstrarleyfi farþegaflutninga, leyfi til reksturs eðalvagnaþjónustu. Bifreiðin skal vera útbúin sem sérstök viðhafnarbifreið og þannig verulega frábrugðin í þægindum, útliti, búnaði og þjónustu annarra bifreiða í atvinnuakstri. Eðalvagn má einungis nota til aksturs farþega gegn umsömdu gjaldi samkvæmt fyrir fram gerðri pöntun á þjónustu þeirra.

Undirritaður er reiðubúinn til að mæta á fund nefndarinnar til að skýra mál sitt betur, ef þess er óskað.

f.h. Allrahanda GL ehf.



Þórir Garðarsson
formaður stjórnar
s. 660 1304
thorir@grayline.is